Reykjavíkurborg

Reykjavík, 28. mars 2022
USK22010020

# TILLAGA

**Viðtakandi**: Skipulags- og samgönguráð
**Sendandi**: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

***Sólvallagata – Tvö stæði fyrir hreyfihamlaða við Vesturbæjarskóla.***

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að tvö bílastæði á Sólvallagötu við Vesturbæjarskóla verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Bifreiðastæðin verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Við endurgerð lóðar Vesturbæjarskóla var gert ráð fyrir tveimur stæðum við Sólvallagötu fyrir hreyfihamlaða. Stæðin hafa verið endurgerð með annars konar yfirborði en aðliggjandi stæði.

Í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eru stæðin staðsett innan 25 metra frá inngangi Vesturbæjarskóla. Þau eru 2,8 m x 5,0 m að stærð og með 1,0 m breiðu hindranalausu umferðarsvæði samsíða stæðunum.

Lagt er til að stæðin verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða, til að tryggja aðgengi þeirra að stæðunum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
*starfandi samgöngustjóri*

Hjálagt:
1. Planteikning – Vesturbæjarskóli – stæði fyrir hreyfihamlaða.




STAÐSETNING SKILTIS

0 2 4 6 8 10 m
MKV X 1:100 (A2)

**UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ**
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK SÍMI: 411 1111

# Vesturbæjarskóli - stæði fyrir hreyfihamlaða

Planteikning

Sólvallagata v. Framnesveg

| | |
|---|---|
| MÆLT: | |
| HANNAÐ: | BRI |
| TEIKNAÐ: | BRI |
| YFIRFARIÐ: | |
| SAMÞ. | |

| BREYT. | DAGS | FYRIRTÆKI | HA/YF/SA |
|---|---|---|---|
| Ⓐ | | | |
| Ⓑ | | | |
| Ⓒ | | | |
| Ⓓ | | | |

MÁLSNÚMER: Málsnúmer

| DAGS. | MÆLIKVARÐI |
|---|---|
| 16.03.2022 | 1:100/A2 |
| TÖLVUSKRÁ | TEIKNINÚMER |
| Skiltun.dwg | 101 |